

4. gr.

Hvenær sem talin er þörf á, og eigi sjaldnar en árlega, skal mæla hlutfall súrefnis og glaðlofts frá vél og gera lekaprófun á henni.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum þeim, sem um getur í 15. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum um tannlækningar nr. 38/1985 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1987.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

Jón Ingimarsson.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á aðalskipulagi Garðabæjar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. maí 1987 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Garðabæjar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Garðabæjar og skipulagsstjóra ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. maí 1987.*

**Alexander Stefánsson.**

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

## REGLUGERÐ

**um afnám banns við línu- og togveiðum á Breiðafirði.**

1. gr.

Frá og með 1. júní 1987 er felld úr gildi reglugerð nr. 436 4. desember 1985 um bann við línu- og togveiðum á Breiðafirði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. maí 1987.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

Pórður Eyþórsson.